

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 179/2024

2024/EES/76/31

frá 5. júlí 2024

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum
sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka umfang samstarf aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/127 frá 16. janúar 2019 um að koma á fót Evrópu-stofnuninni um bætt líf skjör og starfsskilyrði (Eurofound), og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1365/75 ⁽¹⁾.
- 2) Tilhögun á þátttöku EFTA-ríkjanna í Evrópustofnun um bætt líf skjör og starfsskilyrði (Eurofound) eru sett fram í „Rammamningi um fyrirkomulag fyrir Evrópustofnunina um skilyrði fyrir bætt líf skjör og starfsskilyrði/EFTA samstarf“, dagsett 12. September 1994.
- 3) Reglugerð (ESB) 2019/127 fellir úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1365/75, sem er hluti af EES-samningnum og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 4) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo hið aukna umfang samstarfsins geti átt sér stað.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 10. liðar 5. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„Samningsríkin skulu leitast við að styrkja samstarf á grundvelli eftirfarandi lagagerðar:

- **32019 R 0127:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/127 frá 16. janúar 2019 um að koma á fót Evrópustofnuninni um bætt líf skjör og starfsskilyrði (Eurofound), og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1365/75 (Stjtið. ESB L 30, 31.1.2019, bls. 74).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2024.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 30, 31.1.2019, bls. 74.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.